



Nafn háskóla : Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Lýsing á háskólanum : Menntavísindasvið Háskóla Íslands gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki með menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, þroskþjálfara, tómstundafræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga og uppeldis- og menntunarfræðinga. Jafnframt er boðið upp á alþjóðlegt nám í menntunarfræði og diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun.

Áhugasvið : Íþróttir, Félagsfræði, Menntavísindi, Fötlunarfræði

Fjöldi nemenda : 2000

Lagmarksaldur : 18



Heimilisfang : Stakkahlið

Póstnúmer : 105

Staður : Reykjavík

Netfang : mvs@hi.is

Land : Ísland

Tegund háskóla : Almennur

Sími : +3545255950



Heiti námsleiðar : Starfstengt nám fyrir fólk með þroskahömlun, Grunndiplóma,

Heimasíða námsleiðar : https://www.hi.is/starfstengt_diplomanam_fyrir_folk_med_throskahomlun

Kontaktaðili : Kennsluskrifstofa

Sími kontaktaðila : +3545255950

Netfang námsleiðar : mvs@hi.is



Stutt lýsing á náminu : Tilgangur námsins er að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku. Markmið námsins er að undirbúa þig til starfa, til dæmis í skólum, leikskólum, félagsmiðstöðvum og á þeim vettvangi sem fatlað fólk sækir þjónustu og í mannréttinda og hagsmunabaráttu fatlaðs fólks. Námið er skipulagt í samræmi við yfirlýsta alþjóðlega stefnu

hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun, mannréttindasáttmála og stefnu Háskóla Íslands.

Nánari lýsing á náminu : Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun er námsleið í Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda.

Námið er án aðgreiningar og stunda því diplómanemendur nám sitt með öðrum háskólanemum. Námið sem er hálf námið til tveggja ára, er þverfaglegt námið og samanstendur af námskeiðum af mismunandi deildum.

Markmið námsins:

Í náminu undirbúa nemendur sig til starfa sem falla undir fræðasvið menntavísinda má þar til dæmis nefna leikskólastarf, tómstunda- og félagsstarf og starf sem snýr að valdeflingu, hagsmunabaráttu og þátttöku fatlaðs fólks. Sérstök áhersla er lögð á tengingu nemenda við almennan vinnumarkað og eitt af meginmarkmiðum námsins er að auka möguleika nemenda á samfélagsþátttöku. Einnig er í náminu lögð rík áhersla á réttindabaráttu fatlaðs fólks og mannréttindi.

Starfsnám:

Nemendur velja sér í upphafi starfsvettvang leikskóla, tómstunda- og félagsstarfs eða starf sem snýr að réttindabaráttu og þátttöku fatlaðs fólks. Sérstök áhersla er lögð á að tengja námið við valinn starfsvettvang í formi námskeiða og starfsnáms á vettvangi. Námið er einstaklingsmiðað og skipulagt út frá þörfum og áhuga hvers nemanda. Námið byggir á hugmyndafræði um menntun fyrir alla, Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og skólafélag Háskóla Íslands.

Starfsvettvangur:

- Frístundaheimili
- Félagsmiðstöðvar
- Leikskólar
- Félagasamtök
- Réttindabaráttu fatlaðs fólks
- Æskulýðsfélög og sjálfboðasamtök
- Ýmislegt fleira..

Kennsla og stuðningur í námi

Kennslustundir og verkefni eru að miklu leyti byggð upp á samvinnu allra nemenda. Þannig styðja nemandur við hvorn annan í náminu. Auk þess koma verkefnastjórar námsins að stuðningi við nemendur eftir þörfum. Ekki er hægt að aðstoða nemendur við athafnir daglegs lífs (ADL), en þeir sem þurfa slíka aðstoð eiga kost á að stunda námið með sínum persónulegu aðstoðarmönnum eða talsmönnum (NPA). Kennsla fer fram eins og önnur kennsla í háskólanum. Það eru ákveðnir álagaspunktur við verkefnaskil og misserislok og þá er meira að gera. Stundatöflur fyrir hvert misseri koma fram rétt áður en misseri hefst. Viðvera í skóla er í kringum 10 stundir á viku og svo má gera ráð fyrir verkefnavinnu umfram það. Nemendur fara í tvígang á vettvang í starfsnám í 4-6 vikur. Þá er viðvera meiri. Í háskólanámi getur stundatafla verið sveigjanleg og það geta orðið breytingar með stuttum fyrirvara.

Fyrir hverja er námið:

Tekið er við umsóknum annað hvert ár og það eru fjöldatakmarkanir í námið. Einkum er litið til þriggja þátta við inntöku nemenda:

1. Áhugi á námi og starfi á þessum vettvang
2. Framhaldsskólamenntun og/eða símenntun,
3. Starfsreynsla.

Fjöldi nemenda á námsleið : 16

Lagmarksaldur : 18

Nám hefst næst : 23/08/2021

Lengd námsins : 2 ár

Umfang náms : Ekki fullt nám

Sumarnám : ×

Umsóknarfrestur endar : 05/06/2021

Innritunargjald : 500-500

Tegund námskeiða sem nemendur sækja : Almenn námskeið án aðgreiningar



Starfsþjálfun í náminu : Nemendur fara í starfsnám á völdum vettvangstöðum út frá áherslum þeirra í náminu

Þátttaka í félagslífi möguleg : ✓



Húsnæði fylgir : ×